

**6. fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019**  
**haldinn í Grímsstofu í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 13. september 11:00–13:00**

*Fundargerð*

**Mætt:**

Valgerður Sverrisdóttir formaður, Ólafur Garðar Halldórsson, Samtökum atvinnulífsins, Þorbjörn Guðmundsson, ASÍ, Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands, Atli Viðar Thorstensen, Rauða krossinum á Íslandi, Ragnar Schram, SOS Barnaþorpum, Ragnar Gunnarsson, Kristniboðssambandinu, Erna Reynisdóttir, Barnaheill, og Birgir Þórarinsson, Miðflokki.

Fundinn sátu að auki:

Jón Erlingur Jónasson, skrifstofustjóri ÞSS, Vilhjálmur Wium sendiráðunautur, tvíhliða þróunarsamvinna, Ágústa Gísladóttir sendifulltrúi, svæðasamstarf og atvinnulíf, Vilborg Ólafsdóttir, starfsmaður stýrihóps um þriðju áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokki), Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni grænu framboði), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólanum á Bifröst) og Marianna Traustadóttir (ASÍ) tilkynntu forföll. Logi Einarsson (Samfylkingu) og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokki) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Ragnheiður Kolsöe

Fundur settur kl. 11:03.

1. Fundur settur.

Formaður bauð nefndarfulltrúa velkomna á 6. fund nefndar á árinu og tilkynnti að fundargerð 5. fundar teldist samþykkt þar sem engar athugasemdir hefðu borist fyrir umræddan frest. Formaður kynnti til leiks skrifstofustjóra ÞSS, Jón Erling Jónasson (JEJ), sem baðst velvirðingar á síðbúnum dagskrárbreytingum. Ekki hefði náðst að fullvinna sundurliðun svokallaðs „in-donor cost“ til framsetningar á fundinum. Mætti meðal annars rekja töfina til vinnu vegna fjármálaáætlunar fyrir 2020 og skipulagsbreytinga innan ráðuneytisins sem ráðherra myndi kynna.

Formaður lýsti yfir vonbrigðum með að ÞSS hefði ekki lagt sundurliðunina fyrir á fundinum en beiðnin hefði verið bókuð í byrjun júní.

2. Utanríkisráðherra (11:14–11:40).

Utanríkisráðherra ítrekaði að ekki hefði náðst að fullvinna sundurliðun á kostnaði vegna þróunarsamvinnu fyrir árið 2018 samkvæmt skilgreiningum DAC en vinnan við greininguna væri hafin á ÞSS.

Þar næst upplýsti ráðherra nefndina um skipulagsbreytingar innan ráðuneytisins með tilheyrandi nafnabreytingu í *utanríkis- og þróunarsamvinnuráðuneyti*. Markmiðið með breytingunum, sem taka gildi 1. janúar 2020, væri að renna sterkari stoðum undir þróunarsamvinnu Íslands og samþætta og samræma betur málefnastarfi ráðuneytisins. Þróunarsamvinnuskrifstofa og alþjóða- og öryggisskrifstofa munu renna saman. Verkefni Alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu verða málefni Sameinuðu þjóðanna, mannréttindi, umhverfis- og auðlindamál og jafnréttismál auk þróunarmálanna.

Ráðherra tilkynnti einnig að jarðhita-, sjávarútvegs-, landgræðslu- og jafnréttisskólinn yrðu settir undir sjálfstæða miðstöð á vegum utanríkisráðuneytisins sem mun eiga í samstarfi við og starfa undir merkjum UNESCO, sem svokölluð „category 2“ stofnun. Reglugerð um miðstöðina er tilbúin og verður birt á næstu dögum. Í reglugerðinni kemur m.a. fram að skipaður verður forstöðumaður og þriggja manna stjórn. Með tilfærslu verkefna skólanna fjögurra frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna verður unnt að gera meiri kröfur til skólanna og auka samlegðaráhrif. Til að mynda er hægt að nýta jafnréttissérþekkingu jafnréttisskólans í hinum skólunum.

Vék ráðherra tali að framlögum til opinberrar þróunarsamvinnu og upplýsti nefndarmenn um að framlög myndu lækka um 214 m. kr. frá fjárlögum 2019 og nema 5,6 ma. kr. á árinu 2020. Á árabílinu 2020–2024 væri séð fram á hækkun úr 5,6 ma. kr. í 8,8 ma. kr. árið 2024.

Ráðherra kom einnig inn á úthlutun úr þróunar- og mannúðarsjóði til borgarasamtaka haustið 2019, útfærslu og innleiðingu nýrrar stefnu í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, miðannarýni DAC í apríl 2020, sæti Íslands í stjórn Alþjóðabankans, væntanlega vinnuheimsókn sína til Vestur-Afríku og endurskoðun þróunarsamvinnulaga.

Nefndarfulltrúar tóku til máls á eftir ráðherra og lýstu ánægju með nafnabreytinguna en vonuðu jafnframt að hún endurspeglaði áherslur ráðuneytisins og verkin yrðu látin tala. Var spurt út í aðkomu atvinnulífsins og skiptingu fjármuna. Ráðherra lagði áherslu á mikilvægi atvinnulífsins en án þess myndu heimsmarkmið SP ekki nást. Nálgun Íslands yrði verkefnatengd sem tryggði jafnframt sveigjanleika.

Ráðherra yfirgaf fund kl. 11:40.

### 3. Skipulagsbreytingar innan ráðuneytisins (framhald).

JEJ fór nánar út í skipulagsbreytingarnar og útskýrði að engar breytingar yrðu hjá starfsfólki ÞSS, en nokkrir málaflokkar af alþjóða- og öryggisskrifstofu færðust yfir á hina nýju alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu. Einnig yrðu starfsfólki fastanefndanna í New York, Genf og París falin aukin verkefni á sviði þróunarsamvinnu. Öryggisþólitísk mál sem verið hafa á alþjóðaskrifstofu færu yfir á varnarmálaskrifstofu og önnur málefni svo sem málefni Norðurlandanna og Norðurslóða færu yfir á nýja skrifstofu tvíhliða og svæðasamstarfs.

Spurt var hvort með breytingunum væri verið að telja fleiri málaflokka fram sem þróunarsamvinnu en hefði áður verið gert. JEJ játti því en ítrekaði jafnframt að breytingarnar væru gerðar í samráði við DAC og væru innan eðlilegra marka og svigrúm sem ekki hefur verið nýtt áður yrði nýtt með breytingunum.

Nefndarfulltrúar lýstu áhyggjum af þessari þróun, það liti ekki vel út ef hlutfall framlaga til þróunarsamvinnu sem færi beint til þróunarlandanna væri ekki að aukast. Mikilvægt væri að fara vel með opinbert þróunarfé sem væri af skornum skammti.

### 4. Tvíhliða samstarfslönd.

Formaður gaf Vilhjálmi Wium, sendiráðunaut og deildarstjóra tvíhliða þróunarsamvinnu, orðið. Vilhjálmur útskýrði að skilgreining DAC á tvíhliða þróunaraðstoð væri talsvert við. Til að mynda teljist framlög til alþjóðastofnana tvíhliða ef þau eru eyrnamerkt ákveðnu landi. Það geti því skapast misskilningur þegar verið er að bera saman DAC-tölur og þröngt skilgreinda tvíhliða þróunaraðstoð líkt og framlög ÞSS til Malaví og Úganda.

Vilhjálmur gaf innsýn í starf ÞSS í Malaví og Úganda, með áherslu á Malaví, en hann var nýkominn þaðan. Hann tók dæmi um stuðning Íslands á sviði menntunar sem sýndi að auðveldara væri að mæla árangur af þröngt skilgreindri tvíhliða aðstoð en þeirri sem rynni í gegnum undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna og svo gjarnan áfram til framkvæmdaáðila verkefnis sem væru yfirleitt frjáls félagasamtök. Þetta ætti ekki síst við um íslensku tvíhliða aðferðafræðina en Ísland hefur í gegnum tíðina aðhyllt héraðsnálgun í samstarfslöndunum, en það færði verkefni enn nær haghöfum. Slík tvíhliða aðstoð hefði einnig í för með sér aukinn sýnileika fyrir gjafaríkið í móttökuríkinu sem og svigrúm til að hafa áhrif á framkvæmd verkefna og eftirfylgni.

Fjárbörf væri mismunandi á milli ára. Undirbúningur þróunarverkefna tæki tíma og væru útgjöld því lægri á undirbúningstímabilinu en svo tæki við nokkurra ára skuldbinding með tilheyrandi útgjöldum. Sveigjanleiki milli ára væri því mikilvægur. Eins ef verkefni gengju hægar en skyldi.

Spurt var um hver væri umsýslukostnaður í tvíhliða samstarfi. Vilhjálmur sagði hann vera í kringum 7% og það væri lægra en hjá SP.

### 5. Málefni Háskóla Sameinuðu þjóðanna (framhald).

Tali var vikið að jarðhita-, sjávarútvegs-, landgræðslu- og jafnréttisskólunum og spurt hvað forstöðumönnum skólanna myndist um væntanlegar breytingar. JEJ sagði undanfarin ár hafa verið mikinn óvissutíma, ljóst að samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna yrði slitið og á sama tíma hefðu verið uppi hugmyndir um endurbætur á starfsemi í kjölfar skýrslu óháðrar endurskoðunar. Samráð hefði verið náð við forstöðumennina og seinna þennan dag ætti ráðherra fund með forstöðumönnum. Deildarstjóri svæðasamstarfs og atvinnulífs svaraði því til að ráðuneytið ætti fund með forstöðumönnum á tveggja vikna fresti. Benti deildarstjóri áhugasömum á að kynna sér umsókn Íslands um stofnun „category 2“ stofnunar hjá UNESCO (<https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000369979>). Sjá hálagaða umsókn.

Tækifærið var nýtt og spurt hvaða lönd kæmu til greina fyrir samstarfssjóð við atvinnulífið um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en fá lönd hefðu verið á listanum í fyrra. Deildarstjóri játti því að ábending hefði borist þess efnis og löndunum hefði því verið fjölgað.

### 6. Ályktun 1325.

Vilborg Ólafsdóttir kynnti þriðju áætlun Íslands um framkvæmd áætlunar öryggisráðs SP um ályktun 1325 um konur frið og öryggi. Áætlunin tekur mið af áherslum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Þessi áætlun leggur meiri áherslu en þær fyrri á málefni innan Íslands sem er svar við ábendingum úttektaraðila.

## 7. Önnur mál.

Formaður fór yfir samþykktu dagskrá 7. og 8. fundar:

### 7. fundur, 18. október, kl. 11:00–12:30:

- 1) umræða um stöðu framlaga stjórnvalda til þróunarsamvinnu, þróun og fyrirætlanir (*beiðni frá frjálsum félagasamtökum, sbr. tölvupóstur til ritara 12.9.19*),
- 2) sundurliðun á „in-donor cost“ (*beiðni ÞSN bókuð á 5. fundi nefndar í júní 2019*),
- 3) frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands,
- 4) málefni og vinna í gegnum DAC. Mætti einnig fjalla um jafningjarýni DAC og umsögn ÞSN,
- 5) 19. endurfjármögnunarlota Alþjóðaframtöfnunarinnar (IDA).

Nefndarfulltrúar útskýrðu að fyrsti og annar dagskrárliður væru annars eðlis. Fyrsti liður væri til viðbótar við annan lið. Mikilvægt væri að skrifstofustjóri ÞSS ásamt fjármálasérfræðingi sætu fundinn auk þess sem tölfræðiupplýsingar þyrftu að liggja fyrir til að hægt væri að bera saman ODA-tölur milli ára.

### 8. fundur, 15. nóvember, kl. 11:00–12:30:

- 1) fjármálaáætlun 2020,
- 2) stefnumið í jafnréttismálum,
- 3) stefnumið í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu,
- 4) starf nýrrar deildar um málefni Alþjóðabankans.

Formaður minnti einnig á að uppfærð dagskrá 7. og 8. fundar yrði send í tölvupósti. Upphaflegar dagsetningar og tímasetningar væru óbreyttar, sbr. fundarboð sent 12. júlí.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 12:58.